

Alþingi, atvinnuveganefnd
Umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 8. október 2025

**Umsögn um frumvarp Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald
(skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi) mál nr 114, 157. löggjafarþing**

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi um umsón með verkefnum sambandsins.

Samkvæmt framsögu atvinnuvegaráðherra og greinargerð frumvarpsins þá kemur fram að frumvarpið er endurflutt og sé efnislega óbreytt frá frumvarpi sama efnis, mál 279, sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi (156) en fékk ekki afgreiðslu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vísar til umsagnar sem send atvinnuveganefnd við frumvarpið á 156. löggjafarþing <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-1173.pdf>

Fjórðungssambandið vill fyrst lýsa vonbrigðum að við endurflutning málsins hafi tækifærið ekki verið nýtt til að rýna efni þeirra umsagna sem bárust atvinnuveganefnd þegar málið var til umræðu á 156. löggjafarþingi, en eingöngu vísað til umsagnar í Samráðsgátt mál S-57/2025. Ber einnig að geta þess að einungis er vísað til hluta þeirra umsagna sem bárust í Samráðsgátt og vakin athygli á umsögn Þórodds Bjarnasonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands, sem ekki er tilgreind í greinargerð.

Fjórðungssambandið ítrekar það efni umsagnar sambandsins til atvinnuveganefndar og Þórodds Bjarnasonar í Samráðsgátt, að markmið frumvarpsins að auka framboð íbúðarhúss innan þéttbýlis gangi gegn því markmiði að auka aðgengi að íbúðum til langtímaleigu og auknu jafnvægi á húsnæðismarkaði.

Vísað er hér til þeirra aðstæðna þar sem fjölskyldur í þéttbýli (líklega flestar utan höfuðborgarsvæðis), eigi aðra íbúð til viðbótar við íbúð þar sem lögheimili er skráð, í þeim tilgangi að tryggja nánnum ættingjum aðgangi að öruggu húsnæði og mæta þar með ótryggum leigumarkaði. Gera verður þá kröfu að stjórnvöld gæti að fjölbreyttum aðstæðum fólks og greini áhrif aðgerða sem boðaðar eru í þessu frumvarpi og leiti leiða til að mæta þeim aðstæðum sem sannarlega eru hér uppi við.

Fjórðungssambandið lýsir sig reiðubúið að funda með atvinnuveganefnd um efni málsins.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar